

# Fúttabréf

stéttarþingarmanna í Þingeyjarsýslunni



## Forsíðumyndin

Forsíðumyndin er af Karli Gunnlaugssyni á Húsavík og er úr myndasafni stéttarfélaganna.



**Símanúmer  
Skrifstofu  
stéttarfélaganna  
464 6600**

**Heimasíða  
stéttarfélaganna  
í Þingeyjarsýslu  
www.vh.is**

## Þingeyskir verslunarmenn gegn vágestum

*-Námskeið um öryggismál vel sótt*



*Hluti þátttakenda á námskeiðinu.*

Í byrjun október hélt Verslunarmannafélag Húsavíkur tvö námskeið, í samvinnu við Securitas, lögregluna á Húsavík og verslanir, um öryggismál í verslunum.

Námskeiðin sóttu 40 verslunarmenn frá Húsavík og Mývatnssveit, m.a. frá öllum verslunum Samkaupa á Húsavík og Mývatnssveit (Úrval og Strax), Versluninni Tákn Húsavík, Shellskálanum Húsavík, Húsasmiðjunni Húsavík og Heiðarbjarveitingum Reykjahverfi.

Á námskeiðinu var farið yfir ytri og innri öryggisþætti verslananna, s.s. varnir gegn innbrotum, hnupli, þjófnaði og ránum og meðferð fjármuna og korta. Í samvinnu við lögregluna var sviðsett rán þar sem reynt var að gera aðstæður líkar því sem verslunarmenn geta lent í. Þrátt fyrir öflugan vopnaburð „ræningjanna“ urðu enginn slys á þátttakendum, enda þátttakendur nú þjálfaðir til að takast á við aðstæður sem þessar.

**Verslunarmannafélag Húsavíkur:**

## Frá aðalfundi

*-Réttindi bækkuð í sjúkrasjóði*

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur var haldinn 24. september s.l.

Á fundinum voru samþykktar breytingar á lögum félagsins, þannig að félagssvæði þess var stækkað. Félagið nær nú yfir Suður Þingeyjarsýslu og Raufarhafnarhrepp. Jafnframt voru gerðar breytingar á Reglugerð sjúkrasjóðs sem taka gildi frá n.k. áramótum. Þar er gert ráð fyrir að réttindi félagsmanna verði aukin, t.d. hækka sjúkradagpeningar í kr. 110.000 á mánuði og aðrir styrkir

ná til fleiri atriða og greiðslur hækka.

Ágúst Óskarsson var endurkjörinn formaður félagsins. Aðrir stjórnarmenn eru Anna Sigrún Jónsdóttir (FH), Martha Dís Brandt, Laufey Marta Einarsdóttir (Samkaupi-Úrval) og Hafliði Jósteinsson (Hvammi). Varamenn í stjórn eru Aðalbjörg Ívarsdóttir (Húsavíkurapóteki), Brynja Pálsdóttir (Samkaupi-Strax) og Magnea Arnardóttir (Söluskála Essó Naustagili).

## Ný sláturlína á Kópaskeri

Verkalýðsfélag Öxarfjarðar gekk frá nýjum samningi um kaup og kjör starfsmanna hjá Fjallalambi fyrir upphaf síðustu sláturtíðar. Samningurinn tryggir starfsfólki áfram bestu kjör sem þekkjast við sauðfjárslátrun á Íslandi. Samningurinn gildi aðeins í sláturtíðinni í haust, sem nú er lokið, þar sem ný og fullkomin sláturlína var tekin í notkun hjá fyrirtækinu í haust. Samningsaðilar töldu rétt að endurskoða samninginn þegar fyrir lægi hvernig línan kæmi út eftir eina sláturtíð. Að sögn heimamanna gekk sláturtíðin vel.



*Guðmundur Magnússon og Guðni Þorri Helgason starfsmenn Fjallalambis*



*Í nútíma þjóðfélagi gera menn kröfur um að fá póstinn sinn daglega. Einn af þeim sem stuðlar að því er Indriði Kristjánsson starfsmaður SBA-Norðurlandið sem verið hefur í daglegum ferðum milli Akureyrar og Þórsbafnar með póst og annan varning sem þurft hefur að komast til íbúa svæðisins. Hér er bann að losa sig við póst á Raufarhöfn. Indriði hefur nú tekið sér blé frá þessum akstri og sér nú m.a. um skólaakstur í Þistilfirði og á Langanesi.*

*Þráðum koma blessuð jölin*

**Hið árlega jólakaffi stéttarfélaganna  
verður laugardaginn 18. desember.**

**Nánar auglýst síðar.**

**Skrifstofa stéttarfélaganna**

# Menntasmiðja stéttarfélaganna

- sniðin að þínum þörfum

Stéttarfélagin hafa ákveðið að bjóða upp á eftirfarandi námskeið á næstu mánuðum í samstarfi við Fræðslumiðstöð Þingeyinga. **Kennt verður á Húsavík, Kópskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn.** Þá kemur einnig til greina að halda námskeiðin á Laugum og/eða í Mývatnssveit. Námskeiðsstaðir fara eftir þátttöku. Þó eru dæmi um námskeið sem ekki er hægt að halda nema á ákveðnum stöðum af sérstökum ástæðum. Heimilt er að sækja eins mörg námskeið og hver vill þar sem þau verða ekki á sama tíma. Um er að ræða stutt og hnitmiðuð námskeið sem haldin verða í lok nóvember og í byrjun desember. Þar sem reglur stéttarfélaganna eru mjög mismunandi er ekki hægt að gefa upp endanlegt þáttökugjald. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna og leita upplýsinga um niðurgreiðslur. Utanfélagsmönnum er velkomið að taka þátt í námskeiðunum.

## Úrbeining á lambakjöti

Námskeiðið er ætlað byrjendum sem vilja læra réttu handtökin við úrbeiningu á lambakjöti og fræðast um meðhöndlun á kjötinu. Námskeiðið er sérsniðið að þeim sem vilja bjarga sér sjálfir heima fyrir. Um er að ræða 4 klst. námskeið. Leiðbeinendur verða Örn Logi Hákonarson matreiðslumaður og Guðni Þorri Helgason kjötiðnaðarmaður. Reiknað er með að þátttakendur hafi með sér það kjöt sem þeir vilja úrbeina. Þáttökugjald er **kr. 1.500,-** fyrir félagsmenn. Þó er rétt að taka fram að félagsmenn geta átt rétt á allt að 75% endurgreiðslu á þáttökugjaldinu frá starfsmenntunarsjóðum stéttarfélaganna. Utanfélagsmenn greiða **kr. 2.000,-**.

## Tölvunámskeið

Grunnámskeið í Word. Um er að ræða 7 tíma námskeið fyrir byrjendur þar sem þátttakendur læra grunnatriði varðandi vinnu við tölvur sem viðkemur ritvinnslu. Kennari verður Óskar Birgisson. Þáttökugjald er **kr. 2.500,-**. Félagsmenn eiga rétt á allt að 50% endurgreiðslu. Utanfélagsmenn greiða **kr. 3.000,-**. Grunnnámskeið í Excel. Um er að ræða 7 tíma námskeið fyrir byrjendur þar sem þátttakendur læra grunnatriði varðandi vinnu við Excel. Kennari verður Óskar Birgisson. Þáttökugjald er **kr. 2.500,-**. Félagsmenn eiga rétt á allt að 50% endurgreiðslu. Utanfélagsmenn greiða **kr. 3.000,-**.

## Jóla kortagerð

Námskeiðið er sniðið að fólki á öllum aldri. Um er að ræða 3 klst. námskeið. Þáttökugjaldið er **kr. 2.500,-**. Innifalið er kennsla og efni sem nota þarf við kortagerðina. Leiðbeinandi er Sigrún Kjartansdóttir. Félagsmenn geta átt rétt á allt að 50% endurgreiðslu frá starfsmenntunarsjóðum stéttarfélaganna. Utanfélagsmenn greiða **kr. 3.000,-**.

## Konfektgerðarnámskeið

Á námskeiðinu lærir fólk að búa til konfekt af bestu gerð undir handleiðslu Frimanns Sveinssonar matreiðslumanns. Námskeiðið tekur 2,5 klukkustundir. Þáttökugjald er **kr. 3.000,-** fyrir félagsmenn og er allt innifalið í verðinu, það er kennsla og hráefni. Þátttakendur eiga rétt á allt að 50% endurgreiðslu úr starfsmenntunarsjóði stéttarfélaganna. Utanfélagsmenn greiða **kr. 3.500,-**.

## Flökun á fiski

Námskeiðið er ætlað byrjendum sem vilja læra réttu handtökin við flökun á fiski. Námskeiðið er sérsniðið að þeim sem vilja bjarga sér sjálfir heima fyrir. Um er að ræða 3 klst. námskeið. Leiðbeinendur verða frá Fiskidýjusamlagi Húsavíkur. Þáttökugjald er **kr. 2.000,-** fyrir félagsmenn. Innifalið er kennsla og hráefni til að flaka. Rétt er að taka fram að félagsmenn geta átt rétt á allt að 75% endurgreiðslu á þáttökugjaldinu frá starfsmenntunarsjóðum stéttarfélaganna. Utanfélagsmenn greiða **kr. 3.000,-**.

## Nýtt-nýtt

Útsaumaður og skreyttur geisladiskur í ramma. Um er að ræða nýtt námskeið. Á námskeiðinu lærir fólk að skreyta og sauma í geisladisk sem settur er í ramma. Námskeiðið stendur yfir í 3 klukkustundir og er þáttökugjaldið **kr. 3.500,-**. Innifalið er kennsla og efni sem nota þarf á námskeiðinu. Leiðbeinandi er Sigrún Kjartansdóttir. Félagsmenn geta átt rétt á allt að 50% endurgreiðslu úr starfsmenntunarsjóðum stéttarfélaganna. Utanfélagsmenn greiða **kr. 4.000,-**.

## Jólaskreytinganámskeið

Á námskeiðinu lærir fólk að búa til fallegar jólaskreytingar s.s kransa og/eða kertaskreytingar. Um er að ræða 4 klst. námskeið sem haldið verður 24. nóvember. Leiðbeinandi verður Anna Brynjarsdóttir. Þáttökugjald verður **kr. 2.000,-** fyrir félagsmenn. Þátttakendur eiga rétt á allt að 50% endurgreiðslu úr starfsmenntunarsjóði stéttarfélaganna. Utanfélagsmenn greiða **kr. 2.500,-**. Þátttakendur þurfa að hafa með sér allt efni. Verslunin Esar veitir þáttakendum 10% afslátt af öllu efni sem þeir nota á námskeiðinu.

## Förðunarnámskeið

Námskeiðið er ætlað konum. Á námskeiðinu verður farið yfir einfalda dagförðun og förðun við hátíðleg tækifæri. Þáttökugjald er **kr. 3.500,-**. Innifalið í verði er kennsla, vörur og prufur. Félagsmenn stéttarfélaganna eiga rétt á allt að 50% endurgreiðslu úr starfsmenntunarsjóðum stéttarfélaganna. Utanfélagsmenn greiða **kr. 4.000,-**. Leiðbeinendur verða Guðný Dóra Einarsdóttir og Ásta Hermansdóttir snyrtifræðingar. Um er að ræða 3 klukkustunda námskeið.

## Eldvarnarnámskeið

Á námskeiðinu verður þáttakendum kennt að slökkva eld með algengum slökkvitækjum sem til eru á fjölmörgum heimilum og vinnustöðum. Þetta er mjög áhugavert námskeið sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Námskeiðið stendur yfir í 3 klukkustundir. Leiðbeinandi verður Jón Ásberg Salómonsson. Námskeiðsgjald er **kr. 2.000,-**. Félagsmenn stéttarfélaganna fá allt að 75% endurgreiðslu. Utanfélagsmenn greiða **kr. 2.500,-**.

## Ís og eftirréttanámskeið

Á námskeiðinu lærir fólk að búa til ís og eftirrétti úr súkkulaði fyrir jólin og önnur hátíðleg tækifæri. Námskeiðið tekur 5 klst. Leiðbeinandi verður Haraldur Reinhardsson. Þátttakendur þurfa sjálfir að hafa með sér efni til ísgerðarinnar. Þáttökugjald er **kr. 2.000,-** fyrir félagsmenn. Þátttakendur geta átt rétt á allt að 75% endurgreiðslu úr starfsmenntunarsjóðum stéttarfélaganna. Utanfélagsmenn greiða **kr. 2.500,-**.

## Skrautskriftarnámskeið

Til stendur að halda 10 tíma skrautskriftarnámskeið. Leiðbeinandi verður Guðrún Antonsdóttir. Námskeiðsgjald er **kr. 2.500,-**. Efniskostnaður er innifalinn í námskeiðsverðinu. Stéttarfélagin niðurgreiða námskeiðin um allt að 50% fyrir félagsmenn. Utanfélagsmenn greiða **kr. 3.000,-**.

## Enskuskóli fyrir félagsmenn

Enska fyrir lífið, skólann, vinnuna og fríið. Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa gert samkomulag við Bell skólann í Cambridge sem hefur útibú í London, Norwich, Saffron Walden og Mólta um að taka á móti félagsmönnum stéttarfélaganna sem áhuga hafa á að læra ensku. Allir skólarir eru vel búnir kennslugögnum og aðstöðu fyrir nemendur innan kennslustofunnar sem utan. Gæði kennslunnar eru vottuð af breska verslunarráðinu, British Council. Námskeiðin eru sniðin að þörfum nemenda og eru bæði fyrir byrjendur og eins lengra komna. Námskeiðin eru frá viku og upp í nokkra mánuði. Þátttakendur velja sjálfir lengd námskeiðanna. Þáttökugjaldið er því mismunandi. Boðið er upp á námskeiðin á öllum árstímum. Stéttarfélagin greiða námskeiðin niður. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sem veitir frekari upplýsingar.

Skráning á námskeiðin er á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík í síma 464-6600. Einnig er hægt að senda póst eða fyrirspurnir á neffangið [kuti@vh.is](mailto:kuti@vh.is).

Hægt er að skrá sig á námskeiðin til 22. nóvember 2004.



STARFSMANNAFÉLAG  
HÚSAVÍKUR

**Jóla- og aðalfundur  
Starfsmannafélags Húsavíkur**

verður haldinn föstudaginn 26. nóvember 2004 kl. 20:00  
í fundarsal félagsins að Garðarsbraut 26 Húsavík.

**Dagskrá**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kjarasamningar bæjar- og ríkistarfsmanna
3. Önnur mál

Félagsmenn hvattir til að mæta og eiga ánægjulega kvöldstund.

Veitingar í boði félagsins.

Stjórn S.T.H.

# Aðalsteinn áfram sviðsstjóri Matvælasviðs



*Aðalsteinn, Svava og Kristbjörg voru fulltrúar VH á ársfundinum og Olga Gísladóttir var fulltrúi Verkalýðsfélags Öxarfjarðar. Um 120 fulltrúar frá aðildarfélögum Starfsgreinasambands sátu fundinn.*

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands var haldinn í Reykjavík 14. - 15. október. Á fundinum var kosinn nýr formaður sambandsins þar sem Halldór Björnsson gaf ekki kost á sér áfram. Í hans stað var kjörinn Kristján Gunnarsson formaður Sjómann- og verkalýðsfélags Keflavíkur. Kosið var milli hans og Signýjar Jóhannesdóttur frá Siglufirði. Aðalsteinn Á. Baldursson var sjálfkjörinn

formaður Matvælasviðs sambandsins þar sem ekki komu fram aðrar tillögur. Kjör Aðalsteins nær til næstu tveggja ára. Ragna Larsen formaður Bárunnar, stéttarfélags á Selfossi var kosin varasviðsstjóri fyrir Aðalstein. Þingið sendi frá sér nokkrar ályktanir sem hægt er að nálgast á heimasíðu Starfsgreinasambands Íslands [www.sgs.is](http://www.sgs.is).

## Húsavíkurkirkja með öflugt æskulýðsstarf



*Það er mikið líf í félagsaðstöðu stéttarfélaganna á miðvikudögum þegar bópur krakka kemur saman til að taka þátt í æskulýðsstarfi Húsavíkurkirkju.*

Á miðvikudögum í vetur stendur Húsavíkurkirkja fyrir æskulýðsstarfi fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára í félagsaðstöðu stéttarfélaganna. Frá kl. 15:30 til 16:30 koma krakkar á aldrinum 6 til 9 ára saman og frá 16:30 til 17:30 koma krakkar á aldrinum tíu til tólf ára saman og spjalla og leika sér. Þegar Fréttabréfið leit við voru krakkarnir að mála myndir og greina mátti þó nokkra góða listamenn í hópnun. Rósa Árnadóttir stjórnar starfinu og henni til aðstoðar eru, Erna, Ína og Hildur. Stéttarfélögin koma að æskulýðsstarfinu með því að leggja

til húsnæði endurgjaldslaust. Almenn ánægja er með þetta samstarf stéttarfélaganna og Kirkjunnar.



*Fréttabréf stéttarfélaganna befur ákveðið að tilnefna þessa fuglabræðu sem stendur við Kópasker sem drottningu íslenskra fuglabræða. Þar með hafa Þingeyingar eignast tvær drottningar, það er Herðubreið sem er drottning íslenskra fjalla og nú drottningu íslenskra fuglabræða. Hér með er auglýst eftir fleiri drottningum.*



AUGLÝSING

## Raufarhöfn Félagsfundur

Verkalýðsfélag Húsavíkur boðar til félagsfundar á Raufarhöfn fimmtudaginn 18. nóvember kl. 17:00 á Hótel Norðurljósum.

Dagskrá:

1. Ársreikningar Verkalýðsfélags Raufarhafnar fyrir árið 2003
2. Félagsstarfið
3. Önnur mál

Áríðandi er að sem flestir félagsmenn komi á fundinn. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti á fundinum.

Verkalýðsfélag Húsavíkur

## Félagar á Raufarhöfn!!!

Það er mjög mikilvægt að þeir sem vilja gerast félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur skrifi undir eyðublað þess efnis sem er meðfylgjandi þessu fréttabréfi og sendi það síðan til Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík, Garðarsbraut

26. Einnig er hægt að afhenda Svövu Árnadóttir trúnaðarmanni félagsins á Raufarhöfn blaðið. Aðeins þeir sem undirrita blaðið teljast fullgildir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur.



AUGLÝSING

## Starfsmenn Raufarhafnarhrepps

Verkalýðsfélag Húsavíkur boðar félagsmenn sem starfa hjá Raufarhafnarhreppi til fundar fimmtudaginn 18. nóvember kl. 20:00 á Hótel Norðurljósum.

Tilfni fundarins er að ræða kjaramál og leggja drög að kröfugerð vegna komandi kjaraviðræðna við Launanefnd sveitarfélaga vegna starfsmanna sveitarfélaga. Verkalýðsfélag Húsavíkur stefnir að því að ganga frá kröfugerð fyrir alla starfsmenn sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum fyrir áramót. Áríðandi er að starfsmenn Raufarhafnarhrepps sem jafnframt eru félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur mæti á fundinn og komi sínum skoðunum á framfæri.

Verkalýðsfélag Húsavíkur



Nýtt skip bættist nýlega í flota Þórshafnar þegar Júpíter PH-363 sigldi í heimahöfn í glampandi sól og blíðu. Fjölmenni var á hafnarbakkanum til að fagna komu hans en að móttökuathöfn lokinni var öllum boðið um borð að þiggja veitingar og skoða nýja skipið.

Júpíter var smíðaður 1978 í Noregi og er nóta-og togveiðiskip. Hann var keyptur af P/F Driftn í Færeyjum og ber 1560 tonn. Hann er 68,65 metra langur og 10,80 metra breiður og með góðum kælibúnaði; 9RSW kælitanka og aðalvélín er MAK 3000BHP.

Við afhendingu í Færeyjum var farinn prufutúr með skip og veiðarfæri og í Fuglafirði voru tekin nokkur flottroll og síldarnót sem fylgdu með í kaupunum.

Heimsigling gekk vel og segir Jón Axelsson, skipstjóri nýja Júpíter gott sjóskip.

Það er von manna að nýi Júpíter verði jafn happasælt skip og gamli Júpíter, sem hefur reynst byggðarlaginu vel í gegnum tíðina og vonast menn til að veðurbliðan við heimkomu Júpíters sé táknræn fyrir gott gengi útgerðarinnar í framtíðinni.



Það er óflugt starf hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Myndin er tekin 23. júní sl. þegar stjórn félagsins kom saman til fundar. Eins og sjá má, ráða konur ríkjum á Þórshöfn. Á myndinni eru Kristín formaður, Hulda, Jóbanna Sigríður, Kristín Alfreðs, Svala Svevars og dóttir bennar Álfrún Marey. Þó er rétt að geta þess að tveir karlar sitja í stjórn félagsins en þeir voru fjarverandi.

## Viltu upplifa hátiðarhöldin 1. maí?

**Dagskrá hátiðarhaldanna á Húsavík 1. maí 2004 var tekin upp á myndband. Þeir sem vilja upplifa hátiðina sem var sérlega glæsileg geta fengið spóluna lánaða endurgjaldslaut á Skrifstofu stéttarfélaganna.**

# Kjarasamningur milli sjómanna og útvegsmanna undirritaður

Þann 30. október sl var skrifað undir nýjan kjarasamning milli Samtaka sjómanna og LÍÚ. sem eru mjög ánægjulegar fréttir. Hægt er að fá samninginn á Skrifstofu stéttarféлага og þá er einnig hægt að nálgast hann á heimasíðu Sjómannaambands Íslands [www.ssi.is](http://www.ssi.is). Nýja samningnum fylgir yfirlýsing frá fjármálaráðherra þar sem hann lofar að fella ekki niður sjómannaafsláttinn á samningstímanum. Aðildarfélagum Sjómannaambandsins verður heimilt að greiða atkvæði um samninginn til 31. desember 2004. Verkalýðsfélag Húsavíkur mun væntanlega taka samninginn fyrir á fundi með sjómönnum í desember. Ákvörðun þess efnis verður tekin fyrir á næstunni. Hér koma helstu atriði samningsins.

## Um hvað var samið ?

### Mönnunarmálin, hagræðing

■ Skiptaprósenta lækkuð við fækkun í áhöfn og hækkuð við fjölgun í áhöfn.

■ Ákvæði 2. töluliðar gerðardóms felld brott úr kjarasamningi.

### Ýmis atriði

■ Togarar undir 42 metrum að lengd settir undir bátakjarasamning.

■ Á uppsjávarfyrstingu og línu- og netaveiðum, þegar fryst er um borð þarf verðmæti unninna afurða að vera 25% að lágmarki til að skipið teljist vera á frystingu.

### Helgar- og hafnarfrí

■ Helgarfrí á netaveiðum afnumin í núverandi mynd. Þess í stað 4 frídagar í mánuði, en þar af að lágmarki tveir sunnudagar.

■ Með aðkomu stéttarféлага er hægt að víkja frá almennum hafnarfríum á skuttogurum og rækjuveiðiskipum.

### Nýsmíði og endurbætur

■ Á skipum, sem skráð eru á íslenska skipaskrá eftir 1/1 2004, er heimilt að lækka skiptaprósentu um 10% þar til þau hafa náð 7 ára aldri (sjálfvirkt).

■ Heimilt að semja um áframhaldandi lækkun eftir 7 ár að uppfylltum ákveðnum forsendum.

■ Heimilt að breyta skiptaprósentu á eldri skipum að uppfylltum ákveðnum forsendum.

### Kauptrygging og kaupliðir

■ Kauptrygging og kaupliðir hækka um það sama og almenni markaðurinn samdi um. 4,25% við undirskrift, 3% 1/1 2005, 3,5% 1/1 2006 og 2,25% 1/1 2007. Viðbót 3,5% 1. janúar 2008 vegna lengri samningstíma.

■ Tímakaup 2. stýrim. verður það sama og skipstjóra og 1. stýrim.

■ Fæðispeningar endurskoðaðir árlega m.v. matvörulíð vísitölu neysluvöruverðs.

### Olíuverðsviðmiðun og fiskverð

■ Olíuverðsviðmiðun hækkuð vegna erlendar verðbólgu. Upphafstala hækkuð um tæp 20%. 16 \$ á milli bíla (var 14 \$).

■ Markmið fiskverðs sett skv. samningi milli LÍÚ og VSFÍ.

### Hlíðarfatapeningar

■ Stefnt að því að útgerðin sjái áhöfn fyrir hlífðarfatnaði, að andvirði hlífðarfatapeninga, sem er þá eign útgerðarinnar en í umsjá áhafnar. (vinnustaðasamningur).

### Veikindi barna

■ Ákvæði um kauptryggingu í allt að 7 og 10 daga á hverju 12 mánaða tímabili vegna veikinda barna yngri en 13 ára.

### Starfsaldurstengt orlof

■ Almenn orlofsprósenta verður 10,17%

■ Eftir 10 ára starf hjá sömu útgerð hækkar orlofsprósenta í 11,59%



■ Eftir 15 ára starf hjá sömu útgerð hækkar orlofsprósenta í 13,04%

### Lífeyrissparnaður

■ Mótframlag útgerðar til þeirra sem greiða 2% í séreignarsjóð verður 2% af öllum launum.

■ 1% mótframlag útgerðar af kauptryggingu til þeirra sem ekki greiða í séreignarsjóð fellur niður um næstu áramót.

■ Mótframlag útgerða í samtryggingarsjóðina hækkar í 7% þann 1. janúar 2005 og 8% þann 1. janúar 2007.

### Uppsagnarfrestur

■ Uppsagnarfrestur verður 1 mánuður eftir 3ja mánaða starf.

■ Eftir 2ja ára starf verður uppsagnarfrestur 2 mánuðir (aflahlutur með skilyrðum).

■ Eftir 4 ára starf verður uppsagnarfrestur 3 mánuðir (aflahlutur með skilyrðum).

■ Hjá skipstjórnamönnum verður uppsagnarfrestur eftir 3 ár 4 mánuðir 5 mánuðir eftir 5 ár og 6 mánuðir eftir 10 ára samfellt starf.

(aflahlutur með skilyrðum)

### Styrktar- og sjúkrasjóðir

■ Framlag útgerða í sjúkrasjóð verður 1% af öllum launum.

■ Framlag útgerða í orlofsheimilassjóð verður 0,25% af öllum launum.

### Löndunarfrí á uppsjávarveiðum

■ Allir skipverjar skulu undanþegnir löndun, þ.e. störfum í lestum og á lúgum.

■ Frávik frá þessari reglu skulu heimil í undantekningartilvikum.

### Samningsforsendur

■ Geri nefnd skv. 23. grein samnings SGS og SA breytingar á þeim samningi vegna breyttra samningsforsendna eru samningsaðilar sammála um að gera samsvarandi breytingar á kauptryggingu og launaliðum samningsins. Komist nefndin ekki að samkomulagi skulu aðilar endurskoða launalið samningsins.

### Gildistími samnings

■ Samningurinn gildir frá undirskriftardegi til 31. maí 2008.



Björg Jónsdóttir PH-321 er væntanleg til heimabafnar á Húsavík síðar í þessum mánuði. Nýja skipið er allt bið glæsilegasta enda búið að gera á því miklar breytingar. Skipið var keypt frá Noregi og befur undanfarið verið í slipp í Póllandi þar sem gerðar bafa verið á því verulegar breytingar.

Mynd: [www.langanes.is](http://www.langanes.is)



Kátir voru karlar! Bátum á Húsavík befur fjölgað nokkuð það sem af er þessu ári. Nýlega bættist þessi bátur í eigu Húsavíkinga, Smári PH. Hér má sjá útgerðarmennina Hödda Harðar og Randver sjsla við bátinn.

# Lífið í skúrunum

Óhætt er að segja að iðandi líf sé við höfnina á Húsavík þrátt fyrir að búið sé að leggja rækjuflota Húsvíkinga tímabundið. Trilluútgærd frá Húsavík hefur á síðustu árum verið að eflast og um þessar mundir eru á annan tug báta gerðir út frá Húsavík. Flestar trillurnar gera út á línu og hefur fiskast vel að sögn smábátasjómannna, þó hafa brælur sett strik í reikninginn. Ekki er ólíklegt að um 30 til 40 sjómenn og beitningamenn í landi hafi atvinnu af trilluútgærdinni. Ljós er í flestum beitningaskúrum á Húsavík þessa dagana enda fara beitningamenn snemma á fætur til að beita. Gott fiskirí gerir það einnig að verkum að starfsmenn Fiskverkunar GPG á Húsavík og Fiskiðjusamlags Húsavíkur hafa haft mikið að gera síðustu vikurnar. Hér á síðunni birtast nokkrar myndir sem Pétur Helgi Pétursson tók fyrir Fréttabréfið af mannlífinu fyrir neðan bakkann.



# Nýtt, nýtt!!!!

Á síðasta aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur var samþykkt að niðurgreiða kostnað félagsmanna sem fara í meðferð hjá sálfræðingum. Samkvæmt nýju reglunni fá félagsmenn sem greitt er af til sjúkrasjóðs félagsins endurgreiðslu samkvæmt eftirfarandi reglu: Sjóðfélagi sem fer í meðferð hjá

sálfræðingi skal eiga rétt á endurgreiðslu frá sjóðnum kr. 2.000,- fyrir hvert skipti. Fjöldi skipta sem greitt er fyrir getur aldrei orðið fleiri en 12 skipti á ári. Full endurgreiðsla kemur til þeirra félagsmanna sem greitt hefur verið af 11.520,- króna iðgjald. Aðrir sjóðfélagar skulu fá hlutfallslega endurgreiðslu.



## AUGLÝSING

### Fundarboð

Heilbrigðisdeild Verkalýðsfélags Húsavíkur boðar til aðalfundar mánudaginn 15. nóvember kl. 20.00 í fundarsal félagsins.

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Mikilvægt er að sem flestir mæti á fundinn. Í lok fundar verður boðið upp á óvæntar veitingar.

Verkalýðsfélag Húsavíkur

## Starfsmenntunarsjóður verslunar- og skrifstofufólks

### -styrkir vegna starfs- og tómstundanáms

Verslunar- og skrifstofufólk sem eru félagsmenn í Verslunarmannafélagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar og Verkalýðsfélagi Þórshafnar, hafa rétt til styrkja úr Starfsmenntunarsjóði verslunar- og skrifstofufólks skv. samþykktum sjóðsins. Veittir eru styrkir vegna eftirtalinnna námskeiða:

**Starfstengd námskeið:** Styrkur 50% af námskeiðskostnaði og 50% af ferðakostnaði. Hámarksstyrkur kr. 60.000.

**Tómstundanámskeið:** Styrkur 50% af námskeiðsgjaldi. Hámarksstyrkur kr. 8.000.

Réttur til styrkja er háður því að félagsmenn hafi áunnið sér réttindi (stig). Almenna reglan er sú að félagsmenn ávinna sér eitt stig fyrir hvern mánuð í vinnu.

Allar nánari upplýsingar eru veittar á Skrifstofu stéttarfélaganna s. 464-6600.



Þæði stórir og smáir leita daglega til Skrifstofu stéttarfélaganna. Hér eru tvær ungar stúlkor að ræða við starfsmann skrifstofunnar um sín mál. Þær heita Brynja Matildur Brynjarsdóttir og Ragnbildur Hreiðarsdóttir. Þær sögðust ánægðar með að vera byrjaðar aftur í skólanum eftir verkfall kennara.

## Fjölskylduvernd Sparisjóðsins



### 2.000.000 kr. líftrygging að gjöf

Til hamingju, ágætu Lífvaldóttirar! Viðskiptavinir á aldrinum 18-55 ára með viðbótarlífeyrisspamað hjá Sparisjóðnum fá 2.000.000 kr. líftryggingu án endurgjalds til 1. janúar 2006. Byrjaðu strax að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar.

Hú getur gengið í Lífval og sótt um fjölskylduvernd á næsta afgreiðslutíð eða á vefsíðu okkar [www.spar.is](http://www.spar.is)

Fjölskylduvernd Sparisjóðsins er rekis í samíðna við Aðgáða líftryggingarfélagið.

  
SPARISJÓÐUR ÞÓRSHAFNAR  
OG NÁGRENNIS



# Pálmi methafi!



Pálmi Jakobsson.

Verkfall kennara hefur töluvert verið til umræðu í fjölmiðlum undanfarið enda snertir verkfallið ansi marga. Sumir launþegar fara í gegnum starfsævina án þess að lenda í kjaradeilum sem endað hafa með verkföllum. Aðrir hafa hins vegar tekið þátt í vinnustöðvunum einu sinni eða oft. Einn er sá maður sem á hugsanlega met í verkfallspáttöku. Það er Pálmi Björn Jakobsson á Húsavík kennari og sjómaður til fjölda ára. Við náðum tali af Pálma.

## Pálmi ertu alltaf í verkfalli!

Ég virðist vera frekar óheppinn maður. Þessa dagana er ég kennari við Borgarhólsskóla og hef því verið í verkfalli síðustu vikurnar. Ég vil byrja á því að benda á að ég er svolítið sérstakur kennari að því leiti að ég hef nokkrum sinnum á starfsævinni skipt um starf, þ.e. ég hef verið til skiptis á sjó og í kennslu. Ég hef verið 15 ár á sjó og er að hefja fimmtánda starfsárið sem kennari. Það sem ég er að fara með þessu er að ég hef farið í verkföll bæði sem kennari og sjómaður. Sennilega á ég islandsmet í verkföllum (betra en að eiga

ekkert met!). Það er umtalað í Þjóðfélaginu að kennarar séu alltaf í verkfalli en það er nú þannig að ég hef oft farið í verkfall með sjómönnum heldur en kennurum. Að vísu hafa þau verkföll sem ég hef farið í með sjómönnum oft verið stutt þar sem yfirleitt eru sett lög á sjómenn í verkfalli. Sumir segja að þetta sé fyrir það að ég sé svo baráttuglaður.

Sjómenn eiga stuðning minn allan og er ég ánægður með að þeir hafi náð samningum við LIÚ. Það er skemmtileg tilbreyting að þeir skyldu loksins ná samningi sem þeir munu greiða atkvæði um á næstunni. Ég hef skömm á Sólbakssamningnum og af fenginni reynslu veit ég að það er mjög auðvelt fyrir útgerðarmenn (jeppangengið) að kúga sjómenn. Þeir eru á vissan hátt varnarlausir en mættu standa betur saman.

Að lokum vil ég segja að kennarar hafa staðið saman sem einn maður í erfiðri kjarabaráttu sem nú stendur yfir og eiga heiður skilið fyrir það. Ég vil nota tækifærið og senda baráttukveðjur til kennara og sjómanna.

Í framhaldi af þessu spurði Fréttabréfið Pálma hvort hann væri með eða á móti verkföllum. Hann sagði: "Verkfall er eina vopnið þegar staðan er orðin eins og hún er í dag hjá kennurum og jafnvel sjómönnum þrátt fyrir að enginn kjósi verkfall".

**Tölvuver**  
**stéttarfélaganna**  
**Félagsmenn stéttarfélaganna geta fengið aðgang að tölvum í tölvuveri stéttarfélaganna. Vinsamlegast leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.**



Þuríður Þráinsdóttir er ein af þeim einstaklingum sem þefur gaman að því að sauma búfur og ýmsar aðrar flíkur. Þuríður er með þessar vörur til sölu sem eru tilvaldar til jólagjafa. Abugasömun er bent á að hafa samband við Þuríði í síma 464-1867. Hér má sjá unga drottningu í fatnaði frá Þuríði.



Veðrið þefur leikið við okkur Þingeyinga í sumar og oft þefur verið tilefni til að fækka fötum og bregða á leik. Hér má sjá tvo unga Húsvíkinga með hund leika sér við Skógargerðislekinn.

# VÖ færði Öxarfjarðarskóla gjöf



Verkalýðsfélag Öxarfjarðar færði Öxarfjarðarskóla nýlega tvær fullkomnar stafrænar myndavélar að gjöf. Huld Aðalbjarnardóttir skólastjóri tók við gjöfnni sem Olga Gísladóttir formaður VÖ afhendi henni. Að sögn Huldar koma myndavélararnar að góðum notum í skólalastarfinu.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Öxarfjarðar var haldinn í september í Skúlagarði. Samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi allra sjóða félagsins nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 3.432.407 og eigið fé í árslok nam kr. 35.498.841. Um 120 félagsmenn eru í Verkalýðsfélaginu. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var gengið frá kjöri fulltrúa félagsins á

ársfundi Starfsgreinasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands sem haldnir voru í október. Á fundinum var m.a. ákveðið að vinna að því að setja hitaveitu í orlofshús félagsins í Dranghóla-skógi. Þá var einnig samþykkt að gefa Öxarfjarðarskóla tvær stafrænar myndavélar að andvirði kr. 70.000,-

## Námsstyrkir til félagsmanna

Félagsmönnum í Verkalýðsfélagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar bjóðast styrkir til starf- tengdra námskeiða. Styrkurinn getur numið allt að kr. 35.000 á ári til einstaklinga sem eru fullgildir félagsmenn. Félögin eru aðilar að

fræðslusjóðunum Landsmennt og Sjömennt sem gerir félögunum kleift að greiða félagsmönnum þessa háu styrki. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þessa möguleika til niðurgreiðslu á námskeiðs- kostnaði. Frekari upplýsingar eru til staðar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

## Menntasmiðja

– fjölbreytt námskeið fyrir alla

Verkalýðsfélag Húsavíkur í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga og önnur stéttarfélög í Þingeyjarsýslum hefur ákveðið að starfrækja Menntasmiðju fyrir félagsmenn í vetur. Boðið verður upp á mismunandi námskeið bæði fyrir og eftir áramót. Menntasmiðjan býður upp á fjölbreytt námskeið og skemmtun þar sem þátttakendur skrá sig á þau námskeið sem þeir vilja fara á. Þau námskeið sem

boðið verður upp á fyrir áramót eru auglýst hér í Fréttabréfinu. Námskeiðin verða öllum opin og námskeiðsgjöld verða mjög hófleg enda niðurgreiða félögin námskeiðin fyrir félagsmenn. Utanfélagsmenn eru velkomnir á námskeiðin meðan húsrúm leyfir en þeir greiða fullt námskeiðsgjald. Nánari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.

# Fyrsti símafundurinn á vegum VH



Stjórn VH fundaði á Raufarhöfn 15. september á Hótel Norðurljósum. Fundurinn markaði ákveðin tímamót í sögu félagsins þar sem þetta var fyrsti fundur stjórnar utan Húsavíkur. Þá gengu í félagið á fundinum 69 nýir félagar sem er met á einum fundi. Algengt er að 4 til 6 nýir félagar gangi í félagið á stjórnarfundum sem baldnir eru mánaðarlega. Fullgildir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur eru nú um 1100. Hér er um að ræða félagsmenn á ársgrundvelli. Á sumrin þegar skólafólki er á vinnumarkaði eru um 17 - 1800 manns í verkalýðsfélaginu, þar munar mest um þá sem starfa í ferðaþjónustu sem er mjög öflug á svæðinu.

Sameining Verkalýðsfélags Raufarhafnar og Verkalýðsfélags Húsavíkur undir nafni þess síðarnefnda hefur kallað á nokkrar breytingar á hefðbundnu fundarformi. Til dæmis hélt Verkalýðsfélag Húsavíkur sinn fyrsta stjórnarfund utan Húsavíkur á Raufarhöfn 15. september s.l. Þá hélt stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins símafund 18. október þar sem stjórnarmenn frá Raufarhöfn sátu

við símtækni á Raufarhöfn og tóku þannig þátt í fundinum sem fram fór á Húsavík. Skrifstofa stéttarfélaganna hefur fjárfest í sérstökum búnaði til að nota á símafundum. Þannig verður auðveldara fyrir þá sem búa utan Húsavíkur að taka þátt í störfum félagsins auk þess sem töluverður sparnaður er því fylgjandi að notast við þetta fundarform.

### AUGLÝSING

## Trúnaðarmanna- námskeið

Áætlað er að halda tveggja daga trúnaðarmannanámskeið á Húsavík 9. og 10. desember fyrir trúnaðarmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Samkvæmt kjarasamningum skal trúnaðarmönnum gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera þá hæfari í starfi. Trúnaðarmenn hafa rétt á að sækja eitt eða fleiri námskeið, samtals í eina viku á ári og skulu þeir halda launum. Námskeiðið í desember er bæði ætlað nýjum trúnaðarmönnum og eins þeim sem starfað hafa sem slíkir í nokkur ár. Skráning á námskeiðið er á Skrifstofu stéttarfélaganna til 24. nóvember. Áriðandi er að allir trúnaðarmenn stéttarfélaganna skrá sig á námskeiðið.

Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar, Verkalýðsfélag Þórshafnar.

# Nýr formaður Þingiðnar

Aðalfundur Þingiðnar var haldinn í september. Góð mæting var á fundinn og var mikill hugur í þingeyiskum iðnaðarmönnum. Sigurjón Már Pétursson hætti formennsku á fundinum þar sem hann er að flytjast búferlum af svæðinu. Sigurjón hefur verið starfsmaður Kísiliðjunnar síðustu



Sigurjón Már Pétursson lét af störfum sem formaður Þingiðnar á síðasta aðalfundi félagsins. Sigurjón hefur verið formaður Þingiðnar frá stofnun félagsins árið 2000. Áður var hann formaður Sveinafélags Járníðnarmanna í S-Þingeyjarsýslu frá árinu 1993. Sigurjón hefur því gegnt formennsku í 11 ár. Um leið og Sigurjóni eru þökkúð vel unnin störf í þágu iðnaðarmanna er nýr formaður, Jónas Kristjánsson, boðinn velkominn til starfa.

áratugi og þar hefur nú öllum starfsmönnum verið sagt upp störfum þar sem verksmiðjan hættir starfsemi 1. desember n.k.. Í hans stað kemur Jónas Kristjánsson starfsmaður Bílaleigu Húsavíkur. Fullgildir félagsmenn í Þingiðnu eru 91 talsins. Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 4.527.982,- sem er 1,5% hækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 439.174 til 9 félagsmanna, sem er hækkun frá síðasta ári. Félagið er eigandi 25% hlutar í orlofsíbúð að Freyjugötu 10a í Reykjavík með Verslunarmannafélagi Húsavíkur. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 6.170.564 og eigið fé í árslok nam kr. 76.471.744 og hefur aukist um 5,9% að raungildi frá fyrra ári.



Góð mæting var á aðalfund Þingiðnar sem haldinn var í september. Staða félagsins er góð og því var tekin ákvörðun um að bækkja sjúkradagpeninga og styrki til starfsmenntunar. Ljóst er að samstarf stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum um skrifstofubald gerir það að verkum að félögin geta almennt gert betur við sína félagsmenn n.v. önnur sambærileg stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands.

## Forsvarsmenn fyrirtækja

### - Styrkir til námskeiðabalds -

Fyrirtækjum sem áhuga hafa á að halda námskeið fyrir starfsmenn er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sem veitir frekari upplýsingar um styrki sem í boði eru

fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Aukin hæfni og starfstengd menntun starfsmanna eru nauðsynlegur þáttur í meiri framleiðni og bættri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Mikilvægt er að fyrirtæki í

Þingeyjarsýslum sýni frumkvæði með því að halda úti öflugum fræðslustarfi innan viðkomandi fyrirtækja.



## Fyrst á fætur!

Góð þjónusta við viðskiptavini er mikilvægasta verkefni okkar. Nú opnum við öll útibú okkar utan verslanamiðstöðva kl. 8.30 á morgnana.


Þetta er í fyrsta sinn sem banki á Íslandi færir opnunartíma sinn fram á þennan hátt til að mæta breyttum þörfum viðskiptavina og auðvelda þeim að sinna viðskiptum sínum þegar þeim hentar best.

Taktu daginn snemma og kirtu til okkar í útibúið að Stóragarði 1. Við tökum vel á móti þér.



# Mikil hækkun umfram verðlag

## Aldrei neikvæð ávöxtun



Séreignardeild Lifeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggimar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu tæplega 6 árum deildarinnar eða til loka september 2004, var raunhækkun 61,5% á Safni I og 76,7% á Safni II. Þetta eru hækkunir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkunir á þessum 69 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.



Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501  
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

[www.ln.is](http://www.ln.is)